

Nr. 1116

12. desember 2013

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 163, 30. maí 1973, um hvalveiðar,  
með síðari breytingum.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðist svo:

Leyfi til veiða á hrefnu árin 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018 skal veita þeim íslensku skipum, sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila, sem hafa stundað hrefnuveiðar í atvinnuskyni á árunum 2006-2008 eða félaga sem þeir hafa stofnað um slíka útgerð. Einnig skal veita leyfi þeim íslensku skipum sem eru í eigu eða leigu einstaklinga sem að mati ráðherra uppfylla neðangreind skilyrði til að fá leyfi til hrefnuveiða. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvölum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi. Sjá jafnframt viðauka sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. desember 2013.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Jóhann Guðmundsson.*

### Fylgiskjal.

#### VIÐAUKI

#### **við reglugerð nr. 163, 30. maí 1973, um hvalveiðar, með síðari breytingum.**

1. gr.

Leyfilegur heildarafli á langreyð og hrefnu á árunum 2014, 2015, 2016, 2017 og 2018 skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hvers árs yfir á næsta ár á eftir.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. desember 2013